

# Bókun 35 við EES-samninginn

Kári skrifar

2. október 2023

# EES-samningurinn

EES-samningurinn var undirritaður í Porto 2. maí 1992 og tók gildi 1. janúar 1994. Liechtenstein gerðist aðili 1. maí 1995. EES-samningurinn kveður á um að löggjöf ESB verði tekin upp á öllum sviðum innri markaðarins. Það nær yfir fjórfrelsið; á sviði vöruflutninga, þjónustu, frjálsrar farar fólks og fjármagnsflutninga. Að auki kveður EES-samningurinn á um samvinnu í ýmsum stefnumálum eins og rannsóknum og tækniþróun, menntun, þjálfun og æskulýðsmálum, atvinnumálum, ferðaþjónustu, menningu, almannavörnum, frumkvöðla-starfsemi og stefnu sem snertir lítil og meðalstór fyrirtæki. *The Basic Features of the EEA Agreement | European Free Trade Association (2023)*

# Bókanir við samninginn

Lagatextar EES-samningsins samanstanda af 129 greinum, 22 viðaukum, 49 bókunum og lokagerð [final act]. Í viðaukunum eru taldar upp þær gerðir ESB sem gilda um EES, þar á meðal aðlögun. Sumar bókanna innihalda ákvæði um tiltekin svið eins og reglur um uppruna vöru, aðlögunartímabil EFTA-ríkja innan EES á tilteknum sviðum og einfaldaða tollameðferð. Bókun 1 hefur að geyma lárétta aðlögun, sem gildir um allar gerðir sem vísað er til í viðaukum við EES-samninginn. Bókun 31 er grundvöllur samstarfs utan fjórfrelsisins og á þeim grundvelli taka EFTA/EES-ríkin fjárhagslega þátt í ýmsum áætlunum ESB. Loks hafa EFTA/EES-ríkin skuldbundið sig á grundvelli bókunar 35 til að setja í landslög, **ef nauðsyn krefur**, lagaákvæði þess efnis að **EES-reglur gangi framur þegar stangast á við önnur lagaákvæði**.

*The Basic Features of the EEA Agreement | European Free Trade Association (2023)*

# Innlend lög og Evrópuréttur

Fyrirverandi þingmaður pírata hringdi nýlega í Pétur Gunnlaugsson í símatíma á ÚtvarpiSögu. Þar hélt innhringjandinn því fram að Pétur misskildi þýðingu bókunar 35. Sjálfur taldi píratinn sig skilja málið rétt. Hið sanna og rétta í málinu er hins vegar það að Pétur skilur málið nákvæmlega eins og það er og liggur fyrir en píratinn botnar hvorki upp né niður. Vísaði helst í „álit“ „lagadeildardósents“ sem uppvís varð að alvarlegum dómgreindarbresti í orkupakkamálinu (Op3). Þetta merkir að bókun 35 snýst ekki um mismunandi rétthæð íslenskra laga, heldur fjallar hún um það hvort EES/Evrópuréttur eða innlendir réttur skuli hafa forgang komi til árekstra þar á milli. Sumir reyna að hanga á því að reglur Evrópuréttar þarf að innleiða með lögum á Alþingi. Þar með virðast sumir gefa sér að Alþingi hafi eitthvert **ákvörðunarvald** um **innihald** Evrópugerðanna sem innleiddar eru og réttaráhrif þeirra.

# Íslenskt ríkisvald og íslenskt fullveldi

Jón Steinar Gunnlaugsson benti réttilega á það, í viðtali á Útvarpi-Sögu, að kæmi bókun 35 til kasta dómstóla (verði hún innleidd) beri þeim að víkja henni til hliðar, enda samræmist hún ekki ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar, um skiptingu ríkisvaldsins. Á þetta verður að sjálfsgöðu fallist. Það er með öðrum orðum ekki hægt að setja lög eða innleiða lög á Alþingi sem brjóta gegn stjórnarskránni. Sé það gert, engu að síður, ber dómstólum að hafa þau að engu. Hins vegar er það mjög áberandi undanfarin ár hversu kinnroðalaust stjórnsmálamenn brjóta ákvæði stjórnarskrárinnar. Umgangast hana nánast eins og salernispappír. Lýsir það mikilli forherðingu og einbeittum brotavilja. Ófyrirleitnin er alger og virðingarleysið gagnvart íslenskri þjóð.

# Forgangur Evrópuréttar

Forgangur innleiddra reglna er tryggður í samræmi við bókun 35 við samninginn með norsku EES-innleiðingarlögum. Það er enginn valkostur samkvæmt EES-samningnum fyrir innlenda löggjafann [Ísland, Noregur] að velja á milli skuldbindinga í Evrópugerðum. *The effects of EFTA court jurisprudence on the legal orders of the EFTA states* (2018) Það merkir að aðildarríki samningsins geta ekki valið um innihald gerðanna, það kemur tilbúið frá stofnunum Evrópusambandsins. Hins vegar geta auðvitað stjórnvöld bæði Noregs og Íslands farið fram á undanþágur á innleiðingu ákveðinna evrópugerða. Það var einmitt sú leið sem hefði átt að fara í t.d. hvað snertir orkupakka þrjú. Ríki eins og Ísland, sem ekki hefur tengingu við innri orkumarkað Evrópu á ekki að innleiða regluverk sem gengur út á millilandatengingar.

# Hversu margir kjánar á Alþingi?

Dómgreindarrestur gengur þvert á stéttir. En það er mjög alvarlegt þegar þeir sem kosnir eru af almenningi til þess að gæta hagsmuna hans eru illa haldnir af dómgreindarrest. Þegar betur er að gáð kemur einnig í ljós að vandamálið er ekki bundið við skerta dómgreind heldur sýnir sig í algerum skilnings- og innsæisskorti. Það var t.a.m. sláandi í orkupakkamálinu. Þar sást greinilega að t.d. þingmenn Vg og pírata [að undanskildum Jóni Þór Ólafssyni] áttuðu sig engan veginn á alvöru málsins og töluðu eins og maður sem kemur af fjöllum. Nú er það auðvitað svo að mörg mál eru í eðli sínu talsvert flókin. En þess þá heldur hefði verið ástæða til þess að staldra við og setja sig vel inn í hlutina. Í orkupakkamálinu liggur undir hvorki meira né minna en gullgæs þjóðarinnar: Landsvirkjun og framtíð hennar.

# Fréttatilkynning

Á heimasíðu norska Stórþingsins er fréttatilkynning frá 2. október árið 2020. Fyrirsögnin er: „Ísland veitir Evrópurétti ekki forgang yfir landsrétt.“ Er þar vísað til íslenskrar dómaframkvæmdar og bréfaskrifta íslenskra stjórnvalda og eftirlitsstofnunar EFTA, ESA. Málið nær aftur til ársins 2012. ESA vísar til þriggja dóma Hæstaréttar Íslands þar sem landsréttur [íslensk lög] hafði forgang. Árið 2017 hóf ESA samningsbrotamál gegn Íslandi og haustið 2020 sendi ESA lokaviðvörðun, svo kallað rökstutt álit. Rétt er að halda því til haga að íslensk stjórnvöld hafa, lengi vel, verið treg til þess að innleiða bókun 35 í landsrétt. Vonandi verður engin breyting á því. *Island gir ikke EU/EØS-retten forrang fremfor nasjonal rett* (2020)



## Bókun 35 í Noregi

Bókun 35 var innleidd í norskan rétt með 2. gr. innleiðingarlaganna vegna EES-samningsins [LÖG-1992-11-27-109]. Þar hljóðar greinin svo: „Ákvæði í lögum sem eru til þess að uppfylla skyldur Noregs samkvæmt samningnum skulu, komi til ágreinings, ganga framur öðrum ákvæðum sem kveða á um sama efni. Sama gildir ef reglugerð sem er til þess að uppfylla skyldur Noregs samkvæmt samningnum stangast á við aðra reglugerð eða stangast á við síðari lög.“ *Lov om gjennomføring i norsk rett av hoveddelen i avtale om Det europeiske økonomiske samarbeidsområde (EØS) m.v. (EØS-loven) - - Lovdata (1992)*

# Hnignandi fullveldi þjóðríkja

Þegar ríki ákveða í sameiningu að stofna varanlegt bandalag sem tekur ákvarðanir fyrir þeirra hönd, er ákvörðunarvald tekið frá einstökum ríkjum. Það kemur hvergi annars staðar frá. Það merkir um leið minnkandi lýðræði innan hvers ríkis sem aðild á að ríkjabandalaginu. Franski lögfræðingurinn (hagfræðingurinn, heimspekingurinn og sagnfræðingurinn), Jean Bodin (1530-1596) skilgreindi fullveldi sem algert og varanlegt vald lýðveldisins („La souveraineté est la puissance absolue et perpétuelle d'une République...“) *Les Six Livres de la République / De Republica libri sex. Livre premier - Liber I* (2013). Eftir Vestfalíufriðinn, árið 1648, varð hið sígilda fullveldishugtak sem nefnt er hér að ofan viðurkennt í alþjóðasamskiptum. Mikilvægustu meginreglur þjóðaréttar sem byggja á fullveldi eru meginreglan um jafnræði fullvalda ríkja og reglan um íhlutunarleysi [principle of non-intervention]. Segja má að Evrópuréttur samrímist illa viðurkenndum reglum um fullveldi ríkja.

# Lokaorð I

Bókun 35 er ein af mörgum myndum fullveldisafsals á Íslandi. Þeir sem ólmir vilja afsala sem mestu fullveldi reyna að telja sjálfum sér og öðrum trú um að lögfesting hennar skipti engu máli, sem er rangt. Þetta kvabb frá Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, á að hundsá og einfaldlega láta reyna á afleiðingar þess. Láta ber af allri undirlægju og fylgispekt við ofbeldi og hótanir sem sífelld er beitt [samningsbrotamál] af hálfu Evrópusambandsins og ESA. Fullveldi er aldrei sjálfgefið og kostar sífellda baráttu. Fullveldi er stundum skipt í innra og ytra fullveldi. Innra fullveldið nær til þess sem gerist innan þjóðríkis [algert og endanlegt vald ríkisins] en hið ytra vísar til stöðu þjóðríkis meðal annara ríkja. Hvoru tveggja er nú ógnað á Íslandi. Þaður sumra stjórnámálanna, og tillögur (náí þær fram að ganga) um „hatursorðræðu“ og „upplýsingaóreiðu“, sé fólk ekki sammála skoðunum þeirra sjálfra, er ógn við

# Lokaorð II

lýðræðið og að sjálfsgöðu brot á ákvæðum 2. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem bann er lagt við ritskoðun. Það er enginn áskilnaður í íslensku stjórnarsránni þess efnis að fólki beri að vera sammála forsætisráðherra á hverjum tíma. Fullveldismálin eru komin í svo alvarlega kreppu á Íslandi að þau þarf að hugsa upp á nýtt, alveg frá grunni. Það mun ekki nægja að kjósa Samfylkinguna í næstu kosningum! Það þarf að stofna nýtt Alþingi, Alþingi þjóðarinnar. Allt hugsandi fólk á Íslandi þarf að snúa algerlega baki við núverandi valdaklíku og einangra hana. Þegar allt fylgið verður farið og safnast saman að baki hins nýja Alþingis munu málin gerbreytast. Valdaklíkan stendur þá ein eftir á eyðiskeri, rúin öllu lögmæti, trausti og tiltrú. Stofna þarf nýtt þing, nýja dómstóla, og kjósa framkvæmdavaldið beint af þjóðinni. Tökum dæmi af fyrirtæki. Innan þess eru margir mjög hæfileikaríkir starfsmenn. En þeim líkar ekki yfirstjórnin og stefna fyrirtækisins. Þá er

# Lokaorð III

um tvennt að velja. Í fyrsta lagi má reyna að hafa áhrif á stefnuna og stjórnunina. Það er afar ólíklegt að það muni bera árangur. Í öðru lagi er hægt að stofna nýtt fyrirtæki, um sömu starfsemi, þar sem næstum allir starfsmennirnir flytja sig yfir. Hér verður ekki farið út í sérstaka samninga sem áður kunna að hafa verið gerðir, þar sem menn skuldbinda sig til þess að fara ekki í beina samkeppni í ákveðinn tíma og þess háttar. En meginatriðið er það að skilja „fyrri stjórendurnar“ eftir með sína stefnu og sínar aðferðir. Láta þá sigla sinn sjó! Þetta er það sama og þarf að gera á Íslandi í málefnum ríkis og fullveldis. „Gamla ríkið“ mun sjálfkrafa leggjast af þegar „fólkið er farið“. Kjósendur munu með mikilli samstöðu og staðfestu lýsa yfir stofnun nýs ríkis á Íslandi sem hafi fullveldið og innlent eignarhald á auðlindum og orkufyrirtækjum að leiðarljósi. Valdaklíkur ríkja standa saman sem aftur mun leiða til þess að margskonar vandamál koma upp, fyrst um sinn. Það verður

## Lokaorð IV

t.a.m. lengi vel á brattann að sækja að fá viðurkenningu annara ríkja. En það er ekkert til þess að óttast, heldur mál sem þarf að vinna í. Smám saman mun fólk í öðrum ríkjum átta sig á því að „flauelsbylting“ er orðin staðreynd á Íslandi. Henni mun fylgja endurheimt þýfis, þ.e. auðlinda og afnota sem áður var stolið af þjóðinni. Vandamálið er fremur þetta: hvað á síðan að tryggja að ekki fari allt í sama farið? Svar: algerlega nýtt fyrirkomulag og virkt lýðræði allra, allir landsmenn munu taka virkan þátt í stjórnun landsins, en aldrei nema stutt í einu. Hvað sem á kann að dynja má hið nýja lýðveldi aldrei falla í þann pytt að beita ofbeldi. Ekkert kæmi gömlu valdklíkunni betur en beiting ofbeldis. Ofbeldi er líka algerlega óþarft. Samstaða er allt sem þarf. Í raun og veru er hér um að ræða borgaralega og friðsama byltingu þar sem vatnið rennur undan hallanum. Byggt verði á sömu gildum

# Lokaorð V

og lágu til grundvallar sjálfstæðis og fullveldis þjóðarinnar á fyrstu áratugum síðustu aldar. Síðan þá hefur íslenska valdaklíkan skilið þjóðina eftir og farið sínu fram. Nú er kominn tími til þess að taka nýja „staðararákvörðun“ og leiðrétta stefnuna í framhaldi af því. Að lokum þetta. Sumir halda því fram að Evrópusambandið sé samband fullvalda ríkja. Það er eins mikið öfugmæli og nokkuð getur verið. Evrópusambandið er einmitt bandalag ríkja með stórlega skert og skaddað fullveldi. Af-sal fullveldis í veigamiklum málaflokkum er forsenda þess að ríki geti gengið í Evrópusambandið. Bókun 35 við EES-samninginn er ein af mörgum hliðum fullveldisafsals og snertir Ísland. Að leiða hana í lög væri jafnframt merki um endanlega uppgjöf íslenskra stjórnvalda í baráttunni fyrir fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar. Góðar stundir!

*The Basic Features of the EEA Agreement | European Free Trade Association.* (2023, sep). <https://www.efta.int/eea/eea-agreement/eea-basic-features>. ([Online; accessed 28. Sep. 2023])

*The effects of EFTA court jurisprudence on the legal orders of the EFTA states.* (2018, sep). [https://www.sv.uio.no/arena/english/research/publications/arena-working-papers/2001-2010/2004/wp04\\_18.pdf](https://www.sv.uio.no/arena/english/research/publications/arena-working-papers/2001-2010/2004/wp04_18.pdf). ([Online; accessed 28. Sep. 2023])



## Heimildaskrá II

*Island gir ikke EU/EØS-retten forrang fremfor nasjonal rett.* (2020, oct). <https://www.stortinget.no/nm/kva-skjer-pa-stortinget/EU-EOS-informasjon/EU-EOS-nytt/2020/eueos-nytt---2.-oktober-2020/island-gir-ikke-eueos-retten-forrang-fremfor-nasjonal-rett>. ([Online; accessed 29. Sep. 2023])

*Les Six Livres de la République / De Republica libri sex. Livre premier - Liber I.* (2013, sep). <https://classiques-garnier.com/les-six-livres-de-la-republique-de-republica-libri-sex-livre-premier-liber-i-en.html>. ([Online; accessed 30. Sep. 2023])

*Lov om gjennomføring i norsk rett av hoveddelen i avtale om Det europeiske økonomiske samarbeidsområde (EØS) m.v. (EØS-loven) - - Lovdata. (1992, sep). <https://lovdata.no/dokument/NL/lov/1992-11-27-109/%C2%A72#%C2%A72>. ([Online; accessed 29. Sep. 2023])*